

Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 HAFNARFJÖRÐUR

Garðabær, 30. október 2023
Málsnúmer: 202309-0017
LA

Efni: Umsögn um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæði í Kapelluhrauni

Vísað er í tölvubréf úr Skipulagsgátt, dags. 18. september 2023, þar sem Hafnarfjarðarbær óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna nýs deiliskipulags á Kapelluhrauni og sem nær inn á Hellnahraun til austurs.

Deiliskipulagið snýr að nýju iðnaðarsvæði í Kapelluhrauni. Lóðin sem um ræðir liggur á milli núverandi iðnaðarhverfis, 2. áfanga Kapelluhrauns og Reykjanesbrautar. Lóðinni er skipt upp í rúmlega 30 nýjar lóðir fyrir iðnaðarstarfsemi. Settir verða skilmálar um að koma megi fyrir Coda Terminal, móttöku- og förgunarstöð fyrir koldíoxíð (CO₂) á skipulagssvæðinu og einnig eru settir skilmálar um hefðbundna iðnaðarstarfsemi í samræmi við breytt aðalskipulag Hafnarfjarðarbæjar.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér deiliskipulagið og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Deiliskipulagi felur í sér rask á nútímahraunum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Kapelluhraun er sögulegt hraun og myndaðist í eldgosi árið 1151 þegar 25 km löng gossprunga opnaðist á Reykjaneskaga. Kapelluhraun er úfið apalhraun, en nú hefur yfirborði á nyrsta hluta þess verið raskað og dregið hefur úr verndargildi hraunsins vegna þess. Austasti hluti deiliskipulagsins nær hins vegar yfir lítt raskaðan hluta Hellnahrauns. Hellnahraun er dyngjuhraun og mun eldra en Kapelluhraun, eða allt að 7000 ára. Þrengt er að hrauninu úr öllum áttum og eingöngu er lítill hluti þess eftir óraskaður.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir um þessa tillögu að deiliskipulagi og telur ekki mögulegt að vernda það sem eftir er að Kapelluhrauni né Hellnahrauni miðað við núverandi rask á svæðinu. Hins vegar hvetur Náttúrufræðistofnun Hafnarfjarðarbæ að hlífa svæðinu vestan við Kapelluhraun, þ.e. Straumsvík, Hraunin og Almennigar, við frekara raski og vernda merkar náttúru- og menningarminjar svæðisins.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

